



Reglur Kópavogsbæjar um úthlutun styrkja til tónlistarnáms í tónlistarskólum utan sveitarfélags.

1. kafli Almennar forsendur

1. Kópavogsbær stefnir að því að almennt tónlistarnám fari fram í sveitarfélaginu. Með almennu tónlistarnámi er átt við nám samkvæmt námskrá um tónlistarskóla sem lýkur með framhaldsprófi.
2. Undantekning frá þessu er ef nám verður sérhæfðara en boðið er upp á í tónlistarskólum í Kópavogi, eða af öðrum orsökum talið hagkvæmt að nám fari fram í lista- og/eða tónlistarskóla utan sveitarfélagsins. Aðeins er greitt með námi á eitt hljóðfæri.
3. Nemendur sem stunda nám við tónlistarskóla í Kópavogi geta sótt um styrk til náms við tónlistarskóla utan sveitarfélagsins ef tónlistarskólar í Kópavogi bjóða ekki upp á kennslu við hæfi m.a. vegna sérhæfingar námsins.
4. Nemendum sem flytja lögheimili til Kópavogs og hafa stundað tónlistarnám í öðru sveitarfélagi er bent á að sækja um í tónlistarskólum í Kópavogi.
5. Nemendur á miðstigi, sem flytja í Kópavog eiga kost á að halda námi sínu áfram við viðkomandi skóla utan sveitarfélags að uppfylltum skilyrðum sbr. 3. kafla.
6. Nemendur á grunnstigi, sem flytja í Kópavog eiga aðeins kost á styrk til áframhaldandi náms utan sveitarfélags ef þeir fá ekki inngöngu í tónlistarskóla í Kópavogi eða ekki er boðið upp á viðkomandi tónlistarnám í sveitarfélaginu.
7. Ef nemandi uppfyllir skilyrði 7.gr reglugerðar um framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 23/2013, gefst honum kostur á að sækja tónlistarnám í öðru sveitarfélagi.
8. Afgreiðsla umsókna um tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum en í sveitarfélaginu er á vegum menntasviðs Kópavogs. Málefni tónlistarnáms heyra undir skólanefnd Kópavogs.

2. kafli Almennar reglur

1. Kópavogsbær mun greiða fyrir nám í tónlistarskóla fyrir nemendur, sem stunda nám í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi, í samræmi við þær reglur um kröfur, ástundun og framvindu í námi sem nánar er kveðið á um í 3. kafla.
2. Greitt er samkvæmt gjaldskrá sem menntasvið setur hverju sinni.

Sérhver nemandi skal sækja um námsvist í öðru sveitarfélagi til lögheimilissveitarfélagsins og fer menntasvið með umboð Kópavogsbæjar gagnvart öðrum sveitarfélögum vegna greiðslu kennslukostnaðar.



3. Kópavogsbær áskilur sér rétt til að takmarka fjölda nemenda sem greitt er með í tónlistarskólum utan sveitarfélagsins til samræmis við svigrúm í fjárhagsáætlun hverju sinni.
4. Ef nemandi í tónlistarskóla flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá greiðir Kópavogsbær vegna hans fram að byrjun næstu annar frá dagsetningu lögheimilisskipta.
5. Framlög vegna nemenda á framhaldsstigi sem og miðstigi í söngnámi heyra undir reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 23/2013.
6. Kópavogsbær styrkir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

3. kafli

Reglur um kröfur, ástundun og framvindu

1. Sækja þarf um styrkveitingu til menntasviðs fyrir 1. júní ár hvert.
2. Í umsókn nemandans þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að viðkomandi óskar eftir að stunda nám annars staðar en við Tónlistarskóla Kópavogs, Tónsali og/eða Skólahljómssveit Kópavogs.
3. Umsækjandi þarf að hafa staðist inntökuskilyrði í viðkomandi tónlistarskóla og geta framvísað staðfestingu þess efnis frá skólanum.
4. Námsástundun umsækjanda þarf að hafa verið a.m.k. 80% að meðaltali síðastliðin þrjú skólaár við tónlistarskóla í Kópavogi og/eða sambærilega skóla.
5. Námsárangur þarf að vera fullnægjandi í samræmi við skilgreiningar viðkomandi tónlistarskóla um lágmarkseinkunnir og skal nemandi óska eftir vottorði þess efnis frá skólanum og skila með umsóknargögnum.
6. Leggja skal fram afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámssgrein. Umsögn kennara er höfð til hliðsjónar við mat á styrkhæfi nemandans. Ef umbeðin gögn fylgja ekki umsókn áskilur Kópavogsbær sér rétt til þess að hafna umsókninni.
7. Settar eru eftirfarandi kröfur um námsframvindu:

Ef veitt er heimild til að stunda nám í tónlistarskóla í öðru sveitarfélagi, skal eftir sem áður setja framvindukröfur með það að leiðarljósi að framvinda í námi sé sambærileg og almennur hluti aðalnámsskrár tónlistarskóla segir til um. Hér er gert ráð fyrir að grunnnám, miðnám og framhaldsnám taki samtals 10 ár.

Í kröfum um námsframvindu eru einnig kröfur um námsástundun og námsárangur frá ári til árs. Viðkomandi skólar skulu skila vottorði vegna þessa.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 2013